

# TILLAGA

Sveitarstjórn Norðurþings | 19. jan. '23

## Upplýst Jónasartún

Forseti leggur til að brekkan við Hjarðarholtstún á Húsavík sem kallast gjarnan Jónasartún verði upplýst enda mikið leiksvæði ýmist snemma dags eða seinnipart og fram á kvöld.

### Greinargerð

Á túninu eða í brekkunni renna börn og ungmenni sér frameftir kvöldi og kjörið að lýsa svæðið upp til að gera upplifunina enn skemmtilegri og um leið öruggari. Verkefnið er ekki kostnaðarsamt og ætti að vera auðvelt að koma til framkvæmda. Börn og ungmenni óskuðu eftir samtali við forseta og óskuðu eftir lýsingu og liggur tillagan því fyrir.

Virðingafyllt

Hjálmar Bogi Hafliðason